

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/676

2018/EES/64/16

frá 3. maí 2018

**um leiðréttingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar samræmdar meginreglur um mat á og leyfi fyrir plöntuverndarvörum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 29. gr. og d-lið 84. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í i. lið í lið C.2.5.2 í I. hluta viðaukans við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011 <sup>(2)</sup> er skekkja þar sem sértæku meginreglurnar, sem þarf að hafa í huga í ákvarðanatökufærli varðandi styrk virka efnisins og viðkomandi umbrotsefna, niðurbrots- eða myndefna í grunnvatni, eru settar fram.
- 2) Skekkjan kom upp þegar tiltekin ákvæði úr niðurfelldri tilskipun ráðsins 91/414/EBE <sup>(3)</sup> voru felld inn í reglugerð (ESB) nr. 546/2011 skv. d-lið 84. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 3) Í viðaukanum við tilskipun 91/414/EBE var vísað í tilskipun ráðsins 80/778/EBE um gæði neysluvatns <sup>(4)</sup>, sem síðar var felld úr gildi og skipt út fyrir tilskipun ráðsins 98/83/EB um gæði neysluvatns <sup>(5)</sup>. Af þessum sökum ætti í reglugerð (ESB) nr. 546/2011 að vísa í tilskipun ráðsins 98/83/EB en ekki í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB <sup>(6)</sup> sem varðar verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu.
- 4) Því ætti að leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 546/2011 til samræmis við það.
- 5) Til að tryggja að réttum viðmiðunum fyrir viðeigandi framkvæmd samræmdu meginreglnanna sé einnig beitt við yfirstandandi matsgerð ætti þessi leiðrétting að taka gildi eins fljótt og unnt er.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 546/2011 er leiðrétt sem hér segir:

Í stað i. liðar í lið C.2.5.1.2 í I. hluta viðaukans komi eftirfarandi:

„i. leyfilega hámarksstyrkinn sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 98/83/EB <sup>(\*)</sup>, eða

(\*) Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns (Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32).“

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011 frá 10. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar samræmdar meginreglur um mat á og leyfi fyrir plöntuverndarvörum (Stjtið. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 127).

(3) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(4) Tilskipun ráðsins 80/778/EB frá 15. júlí 1980 um gæði neysluvatns (Stjtið. EB L 229, 30.8.1980, bls. 11).

(5) Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns (Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32).

(6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu (Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 19).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---